

## Svar

### félags- og jafnréttismálaráðherra við fyrirspurn frá Smára McCarthy um ráðstöfunartekjur aldraðra og öryrkja.

1. *Hvernig var tekjudreifing aldraðra og öryrkja 1. febrúar 2017, með og án atvinnutekna, og hvernig var hún 1. febrúar 2016? Svar óskast sundurliðað eftir tekjutíundum, sérstaklega er óskað frekari tölfræðiupplýsinga um fyrstu og tíundu tíund ef þær eru fyrir hendi.*

Í töflu 1 má sjá tekjudreifingu aldraðra og öryrkja eftir tíundum að atvinnutekjum meðtöldum 1. febrúar 2016 og 1. febrúar 2017. Í töflu 2 er tekjudreifingin sýnd að atvinnutekjum undanskildum. Einnig koma fram upplýsingar um meðaltal og miðgildi tekna hjá hvorum hópi fyrir sig.

Með tekjum er m.a. átt við greiðslur úr lífeyrissjóðum, fjármagnstekjur, bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og meðlagsgreiðslur. Til tekna teljast t.d. ekki vaxta- og barnabætur og húsnæðis- og húsaleigubætur.

Einungis er miðað við tekjur lífeyrisþega, þ.e. þeirra sem fengu greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á framangreindum tíma, en ekki tekjur þeirra sem ekki fengu greiðslur, t.d. vegna of hárra tekna eða vegna dvalar á hjúkrunarheimili.

*Tafla 1. Tekjudreifing lífeyrisþega eftir tíundum að atvinnutekjum meðtöldum 1. febrúar 2016 og 1. febrúar 2017 auk meðaltals og miðgildis tekna.*

Febrúar	2016	2017	2016	2017
	Ellilífeyrir	Ellilífeyrir	Örorkulífeyrir	Örorkulífeyrir
Meðaltal	324.484	353.866	309.129	323.548
Miðgildi	280.376	342.195	276.043	295.839
1. tíund	215.519	270.125	212.776	227.883
2. tíund	234.797	290.786	225.130	243.722
3. tíund	248.669	310.161	246.190	267.323
4. tíund	263.146	326.397	256.410	280.000
5. tíund	280.376	342.195	276.043	295.839
6. tíund	301.170	360.022	301.073	319.755
7. tíund	330.155	383.339	326.991	348.471
8. tíund	372.088	414.330	364.684	387.216
9. tíund	470.747	459.603	429.581	446.745
10. tíund	10.412.187*	3.737.855*	8.936.788*	3.216.319*

\*Líklega er hér um að ræða einkisgreiðslur í febrúar 2016 og febrúar 2017.

Tafla 2. Tekjudreifing lífeyrisþega eftir tíundum að atvinnutekjum undanskildum 1. febrúar 2016 og 1. febrúar 2017 auk meðaltals og miðgildis tekna.

Febrúar	2016	2017	2016	2017
	Ellilífeyrir	Ellilífeyrir	Örorkulífeyrir	Örorkulífeyrir
Meðaltal	314.655	343.809	273.853	286.197
Miðgildi	274.670	334.346	250.800	280.000
1. tíund	212.776	260.300	191.562	217.418
2. tíund	231.062	283.110	212.776	227.883
3. tíund	246.800	301.258	223.393	240.775
4. tíund	260.051	318.592	244.463	260.255
5. tíund	274.670	334.346	250.800	280.000
6. tíund	293.718	351.082	271.372	287.777
7. tíund	319.351	372.887	293.352	307.342
8. tíund	356.913	403.090	319.029	338.390
9. tíund	444.764	448.985	367.099	386.020
10. tíund	10.412.187*	3.737.855*	8.936.788*	3.216.319*

\*Mjög líklega er hér um einskisgreiðslur að ræða í febrúar 2016 og febrúar 2017.

2. *Telur ráðherra að breytingar á lögum um almannatryggingar sem tóku gildi 1. janúar sl. hafi bætt ráðstöfunartekjur öryrkja og aldraðra?*

Lög nr. 116/2016, sem öðluðust gildi 1. janúar 2017, hafa tvímælalaust aukið ráðstöfunartekjur aldraðra eins og sjá má af töflum 1 og 2 hér að framan. Miklar breytingar voru gerðar á bótakerfi almannatrygginga sem lýtur að öldruðum og þær leiddu til einföldunar jafnframt því sem sveigjanleiki við starfslok var aukinn í kerfinu. Þá voru bætur til aldraðra og öryrkja hækkaðar sérstaklega um síðustu áramót og eru þessum hópum nú tryggðar talsvert hærri ráðstöfunartekjur en þeir höfðu fyrir gildistöku laganna.

3. *Hyggst ráðherra láta fara fram heildarúttekt á árangri laganna með það fyrir augum að bæta hag þessara hópa frekar?*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að ráðast í slíka úttekt, enda mjög skammur tími liðinn frá því að lögin öðluðust gildi. Aftur á móti verður árangur af þeim lagabreytingum sem gerðar voru og varða bótakerfi almannatrygginga vegna ellilífeyris skoðaður mjög vandlega í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á bótakerfi vegna örorku. Þó verður að hafa í huga að um ólíka hópa er að ræða og þarfir þeirra fara alls ekki alltaf saman. Því er mikilvægt að samhliða því að meta árangur af þeim breytingum sem þegar hafa verið gerðar, þá verði einnig lagt sjálfstætt mat á það hvaða breytingar á lögunum komi að sem mestu gagni fyrir hvorn hóp fyrir sig.